



Ipad verkefni í leikskólanum Ösp.



Reykjavíkurborg

Ipad verkefni í Ösp;

Hagnýtir notkun á Ipad í málörvun og skapandi starfi inn í leikskólanum.



Sólveig Þórarinsdóttir og Herdís Lovísa Magnúsdóttir.

Skýrsla um þróunarverkefni



Ipad verkefni í leikskólanum Ösp.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd.....	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra ... Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
4. Mat á verkefninu.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5. Greinargerð um notkun styrkfjár... Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
6. Kynning.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Heimildir	11



1. Inngangur.

Veturinn 2014-2015 vorum við í Ipad verkefni undir leiðsögn Rakelar Magnúsdóttir. Þar sem við unnum með ýmiskonar forrit sem við tengdum inn í málrækt og skapandistarf í leikskólanum Ösp. Með þessu verkefni var áætlað að innleiða Ipad sem tæki innan leikskólans til að notast við málrækt og skapandi starf. Hugsað var að gera starfsfólk meðvitaða að vinna með Ipadin sem kennslutæki, hjálpa þeim við að læra á öll þau öpp sem hægt er að nota sér við málrækt og skapandi starf. Nota Ipad sem markvist kennslutæki inn í leikskólanum. Aðdragandi verkefnisins var að keyfitir voru ipadar inn í leikskólann til að vinna með í skapandi starfi og málrækt. Eftir að Ipadarnir komu inn í leikskólan fannst fagfólki leikskólans að vinnan með Ipad væri ekki nógu markviss. Því var ákveðið að fara af stað í vinnu með Rakeli Magnúsdóttir þar sem námskeið og kynningar voru haldnar fyrir starfsfólk hvernig hægt væri að vinna markvist með Ipad í leik og starfi teingt málörvun og skapandistarfi. Styðja við starfsfólk að verða öruggari í notkun ipads og nota hann markvissari í leik og starfi í leikskólanum.

Eftirfarandi markmið voru sett við upphaf verkefnisins:

- Að kenna starfsfólki að nota þau öpp sem í boði eru til kennslu og skapandi starf.
- Að styðja við kennara til að verða öruggari í notkun á Ipad með börnum.
- Að styðja við og efla kennara að nota Ipad inn í leikskólastarfi á markvissan og skapandi hátt.
- Að vinna þverfaglegt samstarf í anda upplýsingstefnu leikskóla Reykjavíkurbogar.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1 Börn í nútímasamfélagi hafa þörf á fjölbreittri og margvíslegri nálgun á námi. Upplýsingatækni er eitt af stæðstu tækifærum í dag til að auka málrækt, læsiskennslu og móðurmálskennslu. Verkefnið er hugsað til að auka markvissa notkun Ipads inn í leikskólastarfi í málrækt og skapandi starf. Aðstæður í leikskólanum Ösp eru þær að mikið er um börn af erlendum uppruna og einnig börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Starfið í Ösp gengur að mestum hluta út á málörvun og skapandistarf, þar sem mörg börn í skólanum eru af erlendum uppruna og tala tvö til þrjú tungumál er mjög mikilvægt að góð málörvunn fari fram í öllu starfi yfir daginn. Skapandi starf er stút fullt af málörvun og var hugmyndin að efla starfsfólk í því að nota Ipadinn á skapandi hátt og



Ipad verkefni í leikskólanum Ösp.

flétta málörvunn inn í það starf. Spjaldtölvur eru mjög gott tæki til að teyngjast foreldrum betur á þessu tækni tímum.

2.2 Hugmyndin á bak við verkefnið er sú að blása nýju lífi í málumhverði í gegnum Ipad. Læra nýjar aðferðir og hugmyndir að málörvunn og skapandi starfi í gegnum Ipad. Nota spjaldtölvur markvist í leik og starfi með börnunum, læra að vinna með þau öpp sem eru í boði fyrir börn. Vinna með ipadinn sem skráningartæki í gegnum öpp eins og bookcreator (rafbækur) og imovie (Kvikmyndaapp). Í Ösp erum við í stanslausri þróun með foreldrarstarf og ná sem best til foreldra og gefa þeim hlutdeild í skólanum okkar. Með tilkomu rafbóka og kvikmyndaöppum sáum við eina leið til að opna skólustarfið og bjóða foreldrum að skoða og fylgjast betur með því sem börnin þeirra eru að fást við yfir daginn. Ein af ástæðum þess að lagt var af stað í verkefnið var að nýta Ipadana markvissara inn í starfið og nota þá markvist sem kennslutæki í leik og starfi inn í leikskólanum. Einnig að læra á forrit eins og Book Creator, Puppet Pals og Bitsboard til að auka markvissa málörvunn með þessum forritum.

Bitsboard – Þetta smáforrit er stórt og með mörgum möguleikum og útfærslum. Með þessu frábæra smáforriti læra nemendur hin ýmsu orð, hvernig þau eru skrifuð, borin fram og hvað þau þýða

Puppet Pals – Með Puppet Pals er hægt að búa til leikmynd með hreyfingum og hljóði á met tíma. Hægt er að velja leikara (jafnvel sjálfan sig) og bakgrunn. Þetta smáforrit er mjög skemmtilegt og fer fram mikil hugmyndavinna hjá nemendum.

Book-Creator – Það má segja að Book Creator sé einfalt og gott smáforrit sem auðvelt er að nýta með flestu námi. Í þessu smáforriti er hægt að setja saman á einfaldan máta gagnvirka rafbók með myndum, texta, hljóði og upptöku



Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) kemur fram að það séu ekki aðeins rannsóknir á læsi sem hafi breytt afstöðu fólks til læsi heldur hafi stafræn tækni einnig breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Tölvur og stafræn samskiptatæki eru talin víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og ípad og fartölvur þykja orðið sjálfsögð verkfæri í skólastarfi. Þar skiptir það höfuðmáli að tölvurnar eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- eða reikningsverkfæri heldur tól sem má nota til fjölpætrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls. Nemendur og kennarar þurfa því ekki að binda sig við prentmálið heldur býður tölvutæknin upp á að þeir noti fleiri mál við nám og kennslu. Mögulegt er að skila verkefnum á ýmsan hátt t.d. eins og í formi stuttmynda, bæklinga, rafbóka og möguleikarnir eru endalausir. Við þessar aðstæður hafa orðið til heiti á borð við stafrænt læsi, miðlameynt og miðlalæsi. Hið stafræna læsi vísar til þeirrar kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér til þess að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Stafrænt læsi snýst um orð jafnt sem ljósmyndir, prentað mál jafnt sem tónlist, og það varðar allt litróf efnisumsýslunnar, þ.e. aðföng, úrvinnslu og miðlun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 17).

Fram kemur hjá Hutchison (2012) með því að nota spjaldtölvur í læsinaáminu, fá nemendur tækifæri til að bregðast við textanum á ýmsan hátt. Til dæmis er hægt að hlaða niður bókum þar sem nemendur geta lesið með stuðningi, fengið textann lesinn upphátt jafnharðan og þeir lesa sjálfir. Oft er hægt að sjá lifandi myndir tengdar sögunni, taka upp eigin lestur og hlusta á einstaka orð með því að snerta það á skjánum og jafnvel bæta við eigin athugasemdum um textann. Möguleikarnir eru margvíslegir og gera lestrarreynslu hvers og eins einstaklingsbundnari en ella, gagnvirka og oft á tíðum aðlaðandi (Hutchison, 2012).

Fram kemur í M.Ed rannsókn hjá Guðný Sigríður Ólafsdóttir að það sé alveg ljóst að upplýsingatækni og miðlun eru vaxandi þáttur í nútímasamfélagi og eiga að gegna lykilhlutverki í skólastarfi og þróun nútímaleik og grunnskólum. Kennarar þurfa því að vera vel vakandi fyrir nýjungum og vera tilbúnir að breyta kennsluháttum sínum með aukna fjölbreytni að leiðarljósi. Með það að leiðarljósi að notfæra sér tæknina má koma betur til móts við þarfir nemenda, ekki síst í námi og kennslu yngri nemenda í lestri, ritun og annarri miðlun. Tæknin er orðin stór þáttur í lífi nemenda, nýjungar eru sífellt að koma fram í dagsljósið og kennarar verða að vera vakandi fyrir því að nýta sér þær, jafnt til að



kenna valda þætti námskrár og til skapandi vinnu í skólunum (Guðný Sigríður Ólafsdóttir, 2015).


Tækninýjungar hafa breytt samskiptaumhverfi okkar á áhrifaríkan hátt og efla þarf upplýsinga- og tæknilæsi, fylgja þeim nýjungum eftir og nýta þær vel inn í skólustarfinu. Með þeim hætti stuðlum við að fjölbreytni í kennsluháttum og bætum aðgengi allra að námi við hæfi. Nemendur þurfa að læra að afla sér þekkingar. Kennarar jafnt sem nemendur þurfa að fylgjast vel með þessum breytingum og þróa með sér nýtt læsi í takt við þróun nýrra og gagnvirkra samskiptamiðla (Sólveig Jakobsdóttir, 2011).

2.3 Veturinn 2014 – 2015 unnum við í samstrafi Við Rakeli Magnúsdóttir við að innleiða og vera stuðningur við starfsfólk að innleiða Ipad sem málörvunnar og skapandi tæki inn í leikskólanum Ösp. Rakel kom með kennslu inn á starfsdaga og starfsmannafundi, hún kom með hugmyndir af verkefnum til að vinna og starfsfólk fékk vissan tíma til að klára verkefnið og þannig að æfa sig í því að innleiða spjaldtölvur inn í daglegt starf.

Með notkun spjaldtölvu í málörvun og skapandistarfi gefst betra tækifæri til að vinna með einstaka barni og í litlu hópum við sögugerð í Puppet Pals, gera rafbækur í Book Creator úr þeim orðaflokkum sem verið er að vinna með hverju sinni. Bitsboard hefur starfsfólk verið að búa til borð tengt orðflokkum þar sem börnin geta komið að því með að tala inn á borðin á íslensku eða sínu móðurmáli. Hver hópur bjó til með sínum hópstjóra rafbók í Book Creator þar sem þau tengdu orðflokka vinnuna inn í bókina sína og bjuggu einnig til sögu í Puppet Pals. Starfsfólk bjó til Bitsboard í tengslum við orðflokka vinnuna sem var síðan notað markvist í málörvun. Tíma rammi verkefnisins var settur frá september 2014 fram til maí 2015. Í maí var svo haldinn stór tæknidagur í Ösp þar sem foreldrum og gestum var boðið að koma til okkar og að sjá afrakstur af starfi vetrarins með ipad. Verkefnið er samt enn í fullu gangi og erum við alltaf að læra meira og bæta okkur í vinnum með Ipad og nota hann á faglegan og uppbyggilegan hátt. Verkefni af þessum toga klárast aldrei því það er endalaust að bæstast inn í ný og spennandi öpp sem henta fyrir notkun á spladtölvum inn í málörvun og skapandi starf. Mikil vinna er framundan í vetur við að festa verkefnið í sessi inn í skólanum og passa vel upp á að verið sé að vinna með spjaldtölvur á sem faglegastan hátt. Starfsfólk sé að viðhalda þeirri vinnu sem sett var af stað síðasta vetur og ný verkefni séu að bæstast inn hjá okkur í notkun á spjaldtölvum. Áætlað er að ljúka formegri innleiðingu 2016 og þessi vetur er ekki síður mikilvægur í verkefninu þar sem komið er að því að festa starfið með spjaldtölvurnar inn í daglegt starf.

Verkefnaskipting milli helstu aðstandenda verkefnisins er eftirfarandi:

Sólveig og Herdís sáu um allt utanumhald á verkefninu. Deildarstjórar á hverri deild báru ábyrgð á því að verkefnið sem þeir fengju yrðu unnin inn á hverri deild.





2. Samantekt – niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra.

Reynslan af verkefninu hefur verið góð, farið var að nota spjaldtölvurnar miklu markvissari í málörvun og skapandi starfi. Verkefnið hefur bæði gagnast börnum og kennurum, starfsfólk var öruggari í notkun á Ipad og lærði heilmikið um notkun á forritum. Börnin urðu sjálfstæðari í vinnubrögðum og lifandi og skemmtileg verkefni urðu til hjá þeim í gegnum málörvun og sköpun eins og við sögugerð í Puppets Pals. Í gegnum spjaldtölvurnar hafa börnin lært að beita þekkingu sinni á skapandi og fjölbreyttan hátt. Með notkun spjaldtölva er komin ný nálgun til að vinna með þau markmið sem lögð eru til grundvallar í kennslu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Almenn ánægja er einnig á meðal foreldra af verkefninu þeir upplifa dag barna sinna í gegnum myndir, myndbandsbrot og rafbækur sem eru sýnilegt á lokaðri síðu fyrir foreldra. Tæknidagurinn sló rækilega í gegn hjá foreldrum og var aðsóknin á hann sló öll met. Foreldrar voru mjög ánægðir með það starf sem unnið var með í spjaldtölvun yfir vetrinn.

Verkefnið getur nýst fyrir aðra á ýmsan hátt, eins og með því að sjá hvernig ung börn geta unnið með spjaldtölvu og hvernig er hægt sé að nýta þær faglega inn í starfinu og á markvissan hátt. Öll forritin geta nýst inn í leikskólum í málörvun og skapandi starf. Spjaldtölvur er komnar til að vera í skólastarfi það er svo okkar kennarana að læra að nota þær á faglegan og uppbyggilegan hátt inn í leikskólunum. Verkefnið gekk út á það að nota þær eingöngu í faglegt starf sem aðrir geta lært af og fengið hugmyndir af.


4. Mat.

Í maí var gert formlegt mat á meðal starfsfólks hvað því fannst ganga vel og hvað var ekki að ganga. Almenn ánægja var með verkefnið og fannst kennurum það skemmtilegt og þeir hafa lært mikið. Foreldrar voru mjög ánægðir eftir tæknidaginn og fengum við mikið af fyrir spurnum um hvað öpp við værum að nota hvort foreldrar gætu fengið þessi öpp. Margir voru agndofa yfir því hvað leikskólabörn voru að gera með vinnu í spjaldtölfum of.rv. Hér á neðan kemur smá úr mati starfsfólks



Ipad verkefni í leikskólanum Ösp.

Umsögn starfsmanna:Fyrst óörugg að nota(fannst þetta bara vesen)en núna finnst mér rafrók nauðsynleg til að sýna og skrá.



Umsögn starfsmanna:Námskeið hjá Rakel voru frábær lærði mikið þar. Notaði Bitsbord mikið eftir að ég lærði á það, höfðum mátt búa til meira að þeim í kringum það snilld að deila á alla ipada.

Umsögn starfsmanna:Frábært að vinna með börnum í Ipad sérstaklega að nota Puppet Pals, margir sem tóku lítið þátt t.d. í samveru blómstruðu í sögugerð þarna.





Umsögn starfsmanna: Sé möguleika að nota rafbækur sem skráningartæki í framtíðinni og t.d gera bækur fyrir foreldraviðtöl. Þegar við höfu lært að nota rafbækurnar er mjög auðvelt að skrá samtímis.

Umsögn starfsmanna: Fannst þetta mikil auka vinna í byrjun en svo byrjaði ég að vinna með Book Creator og þá sá ég að þetta var ekkert svo mikið mál, miklaði þetta fyrir mér fyrst. Hef lært helling og þetta er mjög skemmtileg vinna.



Umsögn starfsmanna: Mér fannst gaman að skapa sögu á pólsku í rafbókinni með pólskumælandi krökkunum í leikskólanum.



5. Greinargerð um notkun styrkfjár.

Styrknum hefur verið ráðstafað í eftir farandi verkefni tengt þróunarverkefninu, og því starfi og kennslu í tengslum við það.

- Launagreiðslur fyrir Rakel Magnúsdóttir verkefnastjóra 100.000 kr.
- Efniviður og tæknidót maky maky 26.000 og Osmo 20.000 þrívíddarpenni og málörvunartafla 430.000.

6. Kynning.

Verkefnið hefur verið kynnt á ýmsum stöðum síðast liðið ár. Við kynntum það á menntabúðum í Hólabrekkuskóla fyrir leik og grunnskólakennarar síðastliðin apríl. Leikskólinn Ösp var með bás á Stóra leikskóladeiginum 29 maí 2015 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar sem við kynntum spjaldtölvuverkefnið fyrir leikskólakennurum víða af landinu og fengum við glimrandi góðarmóttökur og fjöldan allan af fyrirspurnum. Á tæknideiginum okkar hér í Ösp buðum við líka inn gestum frá sviðinu og öðrum leikskólum til að sjá hvað við höfum verið að vinna með yfir veturinn. Í haust var svo fundur fagaðila í leikskólastarfi hér í Ösp og að sjálfsögðu sögðum við frá Spjaldtölvuverkefninu okkar þar líka. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á verkefninu og hafa leikskólar í kring verið að hringja og spyrja um ráð hvernig best sé að koma af stað notkun á spjaldtölvum inn í leikskólanum.



Heimildaskrá.

Guðný Sigríður Ólafsdóttir (2015) *Upplýsingatækni og samvirkar aðferðir í læsiskennslu Gagnvirka rafbókin Gula sendibréfið*. Lokaverkefni til M.Ed.-prófs Náms- og kennslufræði Upplýsingatækni og miðlun. Sótt í nóvember 2015 af

<http://skemman.is/stream/get/1946/22972/50817/1/Greinargerð.pdf>

Hutchison, A. (2012). Exploring the use of iPad for Literacy Learning. *Reading Teacher*, 66(1), 15–23. Sótt í nóvember 2015 af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=f81c62f0-df06-4a47-93b7-1baff5f177c8%40sessionmgr12&vid=1&hid=25&bdata=JnNpdGU9ZWVhYc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=79616144&anchor=AN0079616144-12>

Mennta- menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá Leikskóla: Almennur hluti 2011, Læsi 2011*. Reykjavík Höfundur.

Sólveig Jakobsdóttir. (2011). Nýting upplýsingatækni í kennslu: Símenntun og starfsþróun kennara í og með upplýsingatækni. Tölvumál á vef Skýrslutæknifélags Íslands. Sótt í nóvember 2015 af <http://www.sky.is/index.php/toelvumal/item/1600-nýtingupplýsingatækni-í-kennslu-símenntun-og-starfsþróun-kennara-í-ogmeð-upplýsingatækni>